

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2008-2024, vegna jarðstrengs frá Fitjum til Helguvíkur.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 27. júní 2011 breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2008-2024 sem samþykkt var í sveitarstjórn Reykjanesbæjar þann 15. mars 2011. Niðurstaða sveitarstjórnar var birt 23. júní 2011.

Breytingin nær til vestasta hluta fyrirhugaðs jarðstrengs frá Fitjum og að Helguvík. Í aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2008-2024 og aðalskipulagi Sveitarfélagsins Garðs 1998-2018 var gert ráð fyrir að vestasti hluti strengsins liggja innan Sveitarfélagsins Garðs. Í breytingunni er gert ráð fyrir að hann liggja innan Reykjanesbæjar.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 27. júní 2011.

Stefán Thors.

Erna Hrönn Geirsdóttir.